



307. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 15. maí 2014 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

Berglind Axelsdóttir, forseti bæjarstjórnar, BA
Davíð Sveinsson, DS
Helga Guðmundsdóttir, HG
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Lárus Á. Hannesson, bæjarstjóri LÁH
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Berglind Axelsdóttir, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

1.1. Fundagerð bæjarráðs nr. 509, dags. 8.maí 2014.

Fundagerð framlögð.

Liður 4 fundagerð Skólanefndar Tónlistarskóla dags.

18.02.14(153.fundur).

Fundagerð framlögð og samþykkt.

Bæjarráð áréttar að skila á inn fundagerðum hið fyrsta að fundi loknum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6 fundagerð skipulags- og bygginganefnd - 172

Fundagerð framlögð.

Liður 6.1. Borgarbraut 8-8a - Umsókn um stækkun á hóteli.

Sverrir Hermannsson kt.130355-5019 sækir um fyrir hönd Hótel Stykkishólms kt. 630604-2570 um stækkun á Hótel Stykkishólmi samkvæmt uppdráttum frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar dags. 28.03.2014, brunaskýrslu frá VSI dags. 11.4.2014. Óskað var eftir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti, Vinnueftirliti og Brunaeftirliti og eru þær án athugasemda, nema umsögn hefur ekki borist frá Vinnueftirliti. Grenndarkynning hefur farið fram samkv. skipulagslögum 123/2010 gr.44 og lauk henni 2. maí 2014, engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæða umsögn vinnueftirlits og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.2. Tangagata 5 - umsókn um stoðvegg.
Gústaf Ómarsson kt.130257-2409 sækir um byggingarleyfi fyrir stoðvegg við innkeyrslu að bílskúr, samkvæmt uppdrætti frá Verkfræðistofu Kópavogs, dags. 30.apríl 2014.
Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.3. Tangagata 5 - umsókn um að húsið tilheyrir Ægisgötu.
Gústaf Ómarsson kt.160361-3609 sækir um að Tangagata 5 verði framvegis Ægisgata 4, í ljósi þess að aðkoma að aðalinngangi og bílskúr er nú frá Ægisgötu eftir breytingarnar.
Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa klára breytinguna hjá Þjóðskrá.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.4. Nesvegur 1- Umsókn um skilti utanhúss.
Arnar Hreiðarsson kt.170166-3539 sækir um uppsetningu á tveimur skiltum á sitt hvora hlið á Bakarínu eins og er á meðfylgjandi uppdrætti.
Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: BA

Liður 6.5. Höfðagata 18 - umsókn um byggingarleyfi.
Hjalti Viðarsson kt.200577-3969 sækir um byggingarleyfi fyrir nýja hurð út úr borðstofu og byggingu á geymsluskúr samkvæmt uppdrætti frá Ónyx ehf, dags. apríl 2014.
Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir hurð út úr borðstofu. En óskar eftir grenndarkynningu samkvæmt skipulagslögum nr.123/2010 gr.44 á geymsluskúr þar sem ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið.
Grenndarkynnt verður fyrir Skólastíg 21, 21a og 23 og Höfðagötu 16.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.6. Aðalgata 25 - endurnýjun á þaki
Olíuverslun Íslands kt.500269-3249 Óskar eftir byggingarleyfi fyrir
endurnýjun á þakjárnri og þakkanti.
Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags-
og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum
skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari
breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.7. Aðalgata 24a - Reyndarteikning
Kvenfélagið Hringurinn leggur inn reyndarteikningu af Aðalgötu 24a.
Uppdráttur frá Jens Karli Byggingarfræðingi dags. 29.04.2014
Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.8. Laufásvegur 21-31 - Eignaskiptayfirlýsing
Örvar Ingólfsson kt.010149-2749 óskar eftir staðfestingu á
eignaskiptayfirlýsingu fyrir Laufásveg 21-31 dags.
Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.9. Tjaldsvæði - Fyrirspurn um smáhýsi við tjaldsvæði.
Kristján Berntsson kt.070270-3749 sendir inn fyrirspurn um að fá
byggja smáhýsi við tjaldsvæðið í Stykkishólmi, hvert um 16m² að
stærð og allt að 15-20 hús. Erindi frestað á fundi 171.
Skipulags- og byggingarnefnd tekur jákvætt í erindið miðað við tillögu
eitt, með fyrirvara um samþykki bæjaryfirvalda. Gera verður
deiliskipulag fyrir svæðið áður en hægt er að skila inn aðaluppdráttum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.10. Hjallatangi 24 - ólöglegar framkvæmdir
Framkvæmdir á lóðarmörkum.
Skipulags- og byggingarnefnd óskar eftir að eigandi Hjallatanga 24
svari bréfi byggingarfulltrúa dags. 29.4.2014 innan tveggja vikna.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.11. Þjóðvegur - ólöglegar framkvæmdir

Ólöglegar framkvæmdir á veghelgunarsvæði vegagerðarinnar við afleggjara að Hamraendum og Flugvallaveg.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að framkvæmdin verði fjarlægð, þar sem framkvæmdin fellur ekki að reglum Vegagerðarinnar um þverun þjóðvega og því ekki hægt að gefa út framkvæmdaleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.12. Silfurgata 1 - fyrirspurn um rif á húsi og uppbyggingu á nýju.

Ólöf Flygenring kt.100955-4669 leggur inn fyrirspurn um hvort megi rífa Silfurgötu 1 og byggja það upp aftur með gamla húsið sem fyrirmynd. Það yrði þá eins og húsið hefði verið endurbætt en um leið lengt og viðbyggingar stækkaðar lítillega. Gólf þess yrði lækkað og ris hækkað örlítið til að mæta nútíma kröfum/þörfum um lofthæð.

Skipulags- og byggingarnefnd telur jákvætt að húsið verði endurbyggt en óskar eftir að eigendur Silfurgötu 1 ræði við nágranna áður en haldið er áfram, þar sem um töluverða stækkun er að ræða.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.13. Hjallatangi 24 - umsókn um byggingarleyfi

Þórir Thorlacius kt.090835-2469 sækir um leyfi til að reisa skjólvegg á hluta norður hliðar lóðar nr. 24 við Hjallatanga. Ætlaður skjólveggur yrði 7.5m x 2.8m.

Skipulags- og byggingarnefnd hafnar erindinu og óskar eftir að eigandi Hjallatanga 24 ræði við Skipulags- og byggingarfulltrúa.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6.14. Frúarstígur 6 - Umsókn breytingar á áður samþykktu byggingarleyfi.

Sævar Harðarson kt.070766-5159 fyrir hönd Skipavíkur kt.700175-0149 sækir um breytingar á áður samþykktum aðaluppdráttum fyrir Frúarstíg 6. Breytingarnar eru að Tröppur inn verði úr timbri og tröppur úti verði steypar, samkv. uppdráttum dags. 02.05.2014.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð situr hjá.

Liður 6.15. Þverun Stykkishólmsvegur - Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Sæþór Þorbergsson sækir um fyrir hönd HEFST um framkvæmdaleyfi vegna þverunar á Stykkishólmsvegi annarsvegur fyrir neðan Rarik og hinsvegur við afleggjara að flugvelli byggt á fyrri umsókn og samþykkt frá 2011.

Skipulags- og byggingarnefnd hafnar erindinu þar sem framkvæmdin fellur ekki að reglum Vegagerðarinnar samkvæmt umsögn frá nóv. 2013. Lágmarkskrafa er að setja upp 2m breiða miðeyju á þjóðveginn og gangandi umferð eigi ekki réttinn.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerðin samþykkt.

Liður 7 fundargerð Umhverfisnefndar dags. 06.05.14 (40.fundur)

Fundargerð framlögð.

Samþykkt að hafa umhverfis daga 23.- 28.maí og að Stykkishólmsbær bjóði bæjarbúum í grill 28. maí.

Fundargerð samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: BA og LÁH

Liður 8 tölvupóstur siglingasviðs Vegagerðarinnar dags. 08.05.14 varðandi viðbótar lengingu ferjubryggju

Samþykkt að fara í viðbótarlengingu landsveggs við ferjubryggju um fimm og hálfan metra til að undirbúa frekari lengingu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: BA,GDP og LÁH

Liður 14 bréf dags 22.04.14 varðandi afgreiðslu stjórnar FSS á erindi sveitarstjórnar Eyja-og Miklaholtshrepps

Bæjarráð Stykkishólms samþykkir afgreiðslu stjórnar FSS á erindi sveitastjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps dags. 2.2.2014.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 16 bréf dags. 10.03.14 minnisblað Grundarfjarðarbæ vegna símenntunar almennra starfsmanna hjá sveitarfélagnum á Snæfellsnesi.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP, BA og LÁH

Liður 18 bréf um ályktun um kynbætur á yndisplöntun
Framlagt. Vísað til umhverfisnefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 19 sorpflokkun hjá Stykkishólmsbæ fyrir árið 2013
Framlagt. Vísað til umhverfisnefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: allir

Liður 23 beiðni Leikfélags Grímnis dags. 6.maí 2014 um
húsaleigustyrk vegna Skjaldar í Helgafellssveit
Bæjarráð þakkar leikfélaginu Grímní fyrir öflugt starf og óskar þeim til
hamingju uppsetningu Lýðræðisins eftir Bjarka Hjörleifsson.
Samþykkt að veita Grímní húsnaðisstyrk að fjárhæð kr. 90.000,-

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 24 bréf Minjastofnunar dags.07.04.14 varðandi styrkúthlutun
2014 vegna Samkomuhússins, Aðalgata 6, Stykkishólmi
Bæjarráð Stykkishólms þakkar Minjastofnun veittan styrk til
áætlanagerðar og undirbúnings framkvæmda við Aðalgötu 6.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 25 bréf Aftanskins dags.15.04.14 varðandi niðurfellingu á leigu
á íþróttahúsi.
Samþykkt að veita Aftanskin styrk til greiðslu húsaleigu íþróttahússins
vegna Vesturlandsmót í Boccia 24.05.14.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 26 bréf frá Heimi Laxdal Jóhannssyni dags. 25.04.14 vegna
ráðningar á íþrótt og tómsfundafulltrúa
Bæjarstjóra falið að svara bréfitara.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 bréf frá Kvenfélaginu dags 08.04.14 varðandi niðurfellingu
fasteignagjalda fyrir húsnaði þeirra við Aðalgötu.
Samþykkt að veita Kvenfélaginu styrk að fjárhæð kr. 212.965,- vegna
fasteignagjalda Aðalgötu 24a 2014.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 gjaldskrá 2014 fyrir vinnuskóla Stykkishólmsbæjar. Sláttur og hirðing á grasi
Vinnuskólinn
Sláttur og hirðing á grasi.
Gjaldskrá 2014
Öll verð eru með 25,5% virðisaukaskatti.

Fastagjald:

1. Flokkur Litlar lóðir (raðhús) kr. 5.792
 2. Flokkur Stærri lóðir allt að 1.000 m² heildarlóð (einbýlishús) kr. 7.792
 3. Flokkur Erfiðar lóðir allt að 1.000 m² heildarlóð (einbýlishús) kr. 11.584
- (Mikill halli eða illa hirtar lóðir t.d. slegnar einu sinni á sumri)

Stærri lóðir en 1.000 m² eru háðar tímagjaldi sem er 2.720 á klst., en þó aldrei lægri en sem nemur fastagjaldi.

Innifalið er sláttur og hirðing á grasi.
Eingöngu er unnið fyrir Elli- og örorkulífeyrisþega.

Elli og örorkulífeyrisþegar fá 75% afslátt af gjaldskrá.
Ef fullfrískur einstaklingur, 16 ára eða eldri, býr á heimilinu er tekið fullt gjald.

Fastagjald:

1. Flokkur með afslætti kr. 1.448
2. Flokkur með afslætti kr. 1.948
3. Flokkur með afslætti kr. 2.896

Innifalið er sláttur og hirðing á grasi.
Engin takmörk eru á tíðni sláttar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Innheimtustjóri.
06.05.2014

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 29 styrkbeiðni vegna Vestfjarðarvíkingurinn 2014
Stykkishólmsbær sér ekki fært að verða við styrkbeiðninni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 30 Unglinga og sumarstörf 2014 hjá Stykkishólmsbæ
Unglingavinna og sumarstörf 2014
Launatafla



2008 2009 2010 1.6.2010 2011 2012 2013 2014
Sumarstörf 126.857 147.157 160.657 167.157 196.708 203.593
211.941 219.799 Skv. launatöflu LN

Tímakaup unglinga (dagvinna)
2008 2009 2010 2011 2012 2013 2014
16 ára og eldri 522 606 688 688 838 872 904
15 ára 426 494 561 561 683 711 737
14 ára 347 402 457 457 557 580 602

16 ára og eldri greiða félagsgjöld til Verkalýðsfélags Stykkishólms
og greiða í Festa - lífeyrissjóð mánuði eftir 16 ára afmæli
Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 31 tilboð vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir Austurgötu 7
Samþykkt að taka tilboði Glámu/Kím.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 33 ráðning aðstoðarskólastjóra við Grunnskólann í Stykkishólmi
6 umsóknir voru um stöðu aðstoðarskólastjóra við Grunnskólann í
Stykkishólmi

Umsækjendur eru eftirfarandi:

Ásdís Snót Guðmundsdóttir

Berglind Axelsdóttir

Guðmundur B. Sigurbjörnsson

Íris Reynisdóttir

Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir

Þóra Margrét Birgisdóttir

Lárus Ástmar Hannesson bæjarstjóri, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri
og Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður skólanefndar hafa farið yfir
umsóknir. Ákveðið var að fela Hagvangi frekari úrvinnslu þriggja
umsókna og mun Hagvangur skila niðurstöðum á næstunni sem hafðar
verða til hliðsjónar við ráðningu aðstoðarskólastjóra.

Bæjarstjórn samþykkir framangreinda málsmeðferð.

Til máls tóku: LÁH og GPD

Liður 34 beiðni um styrk vegna fasteignagjalda Norska hússins 2014
Samþykkt að veita Norska húsinu styrk að upphæð kr. 700.632
fasteignagjöldum ársins 2014.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 35 beiðni um stuðning vegna ráðningar sumarstarfsmanns í
Norska húsinu



Samþykkt að veita Norska húsinu styrk vegna sumarstarfsmanns að upphæð kr. 400.000 í samræmi við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2014.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Bókun

Þar sem undirritaður situr sinn síðasta bæjarstjórnarfund í dag eftir átta ár í bæjarstjórn, vil ég þakka þeim bæjarfulltrúum sem ég hef starfað með þessi ár fyrir samstarfið að málefnum Stykkishólmsbæjar og íbúa hans.

Ég hverf nú frá störfum í þágu Stykkishólmsbæjar sem ég hef sinnt á fjórða tug ára, lengst af í Skipulags- og bygginganefnd, Húsnæðisnefnd og bæjarstjórn, ásamt fjölda annarra verkefna og nefnda á vegum Stykkishólms og sveitarfélaga á Snæfellsnesi og Vesturlandi.

Ég hverf frá verki sáttur með mitt framlag í gegn um árin, en hefði gjarnan viljað hverfa af vettvangi sáttari með hvernig staðið var að brotthvarfi mínu, en það var ekki í mínum höndum.

Ég þakka öllum þeim sem ég hef starfað með öll þessi ár, sérstaklega þeim sem komið hafa fram af heilindum og unnið fyrir hagsmuni heildarinnar umfram eigin hagsmuni hvar í flokki sem þeir hafa staðið.

Ég óska næstu bæjarstjórn alls hins besta í störfum fyrir Stykkishólmsbæ, íbúa hans og Snæfellsness.

Gretar D. Pálsson

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku: GDP,LÁH,BA,HG,ÍHS og DS

2. Fundargerðir nefnda.

2.1 Fundargerð Þjónustuhóps aldraðra- 86, dags. 05.05.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.2 Fundargerð Nefndar um málefni fatlaðra – 14, 05.05.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3 Fundargerð Skólanefndar Tónlistarskólans – 152, dags. 26.11.13.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4 Fundargerð Skólanefndar Tónlistarskólans – 153, dags. 18.02.14

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.5 Fundargerð skólanefndar Tónlistarskólans – 154,dags. 28.04.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.6 Fundargerð Skipulags- og bygginganefnd – 172, dags. 06.05.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.7 Fundargerð Umhverfisnefndar – 40, dags. 06.05.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

3. Annað

3.1. 1404048 – Ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2013, seinni umræða.



Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 922,2 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta þ.e. bæjarsjóðs 855,5 millj. kr.

Rekstrargjöld A og B hluta námu 797,1 millj. Þar af námu rekstrargjöld A-hluta bæjarsjóðs 768,6 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var neikvæð um 14,5 millj. samkvæmt ársreikningi en neikvæð um 18,3 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2013 nam, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá, 854,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 1.045,7 millj. kr.

Rekstrarafkoma samantekins ársreiknings A og B hluta er neikvæð um 18,3 millj. kr. miðað við 4,5 millj. kr. hagnað á árinu 2012. Meginástæður fyrir þessu eru:

Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs A-hluti var neikvæð um 14,5 millj. 2013 miðað við 11,0 millj. kr. hagnað á árinu 2012. Helstu ástæður þessarar rekstrarniðurstöðu má rekja til þess að rekstartekjur hækkuð aðeins um 9,7 milljónir kr. milli ára, meðan rekstarútgjöld hækkuðu um 35,1 milljónir kr. vegur þar þyngst hækkun launa og lífeyrisskuldbindinga.

Í öðru lagi er jákvætt að Hafnarsjóður var rekinn með u.þ.b. 2,4 millj. kr. hagnaði miðað við 3,1 milljón kr. hagnað árinu á undan.

Í þriðja lagi skilar Fráveita 1,7 milljón kr. hagnaði miðað við 0,7 milljón kr. hagnað á árinu 2012.

Helstu fjárfestingarhreyfingar eru samtals 41,0 milljónir kr. m.a. skólalóð 7,6 milljónir kr., stígar í Súgandisey 6,7 milljónir kr. og nýtt hlutafé í Jeratúni að upphæð 7,3 milljónir vega þyngst.

Rekstarhalli varð af rekstri bæði A og B hluta á árinu 2013. Á síðustu 10 árum hafa tekjur bæjarfélagsins einungis staðið undir útgjöldum árin 2006 og 2012 þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða. Rekstrarniðurstöðu ársins 2013 má að verulegu leyti rekja til lítillar hækkunar tekna eða 0,9% af A og B hluta. Útgjöld hækkuðu um 4,6% á samstæðunni. Hækkunin er því 0,9% umfram verðbólgu. Áhyggjuefni er hversu lágt handbært fé frá rekstri var eða einungis 130 þús. Um áramótin 2013 og 2014 en þyrfti að vera um 50 milljónir. Það að sveitarfélagið hafi ekki náð jákvæðri rekstrarniðurstöðu á árinu 2013 ber að íhuga alvarlega og leita leiða til að auka tekjur og minnka útgjöld svo sveitarfélagið standist viðmið sveitarstjórnarlaga. Langstærsti útgjaldaliðurinn í rekstri bæjarfélagsins var eins og áður laun og launatengd gjöld og námu þau 57,6% af útgjöldum. Þessi kostnaðarliður hefur lækkað úr 64% frá árinu



2010. Það er alveg ljóst að til að ná þeim árangri að rekstur bæjarfélagsins verði jákvæður verður áfram að gæta verulegs aðhalds í rekstri. Jákvæð þróun hefur orðið á skuldum Stykkishólmsbæjar en skuldahlutfall miðað við tekjur er komið niður fyrir 150% og var árið 2013 147,2%.

Fjármagnsgjöld voru 88,8 milljónir. Mikilvægt er að lækka fjármagnsgjöld bæjarins áfram.

Það er því alveg ljóst að á næstu árum verður að fara varlega í auknar fjárfestingar og forgangsraða af skynsemi og ábyrgð og miða við þörf og stöðu. Við teljum að forgangsverkefni næstu ára verði fjárfesting til öldrunarmála, göngustíga og gatnakerfi bæjarins.

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson
Helga Guðmundsdóttir

Bókun vegna ársreiknings 2013

Það er áhyggjuefni að enn hækka rekstrargjöld Stykkishólmsbæjar umfram tekjur. Tekjur ársins 2013 hækka um 0.9% (6.170þús kr.) á milli ára en gjöld aukast um 4,5% (36.978þús kr.).

Handbært fé í lok árs er aðeins 130 þúsund krónur, en þyrfti að vera a.m.k. 50 milljónir eða sem nemur eins mánaðar útgjöldum. Þróun á handbæru fé frá rekstri í hlutfalli við langtímalán er áhyggjuefni, það hefur farið úr 9,2 á árinu 2008 í 22,9 á árinu 2013. Það tekur því að óbreyttu 22,9 ár að greiða niður skuldir Stykkishólmsbæjar. Nauðsynlegt er að snúa rekstri úr tapi yfir í hagnað og auka veltufé frá rekstri, það verður aðeins gert með auknum tekjum og lægri útgjöldum. Ljóst er að taka þarf verulega á útgjaldaliðum, hagræða og skera niður frá því sem nú er ef ekki á illa að fara.

Lög um fjármálareglur sveitarfélaga hafa gjörbreytt því umhverfi sem sveitarfélög hafa búið við. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar þarf að taka mið af því.

Gretar D. Pálsson
Guðlaug Ágústsdóttir
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

**Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.
Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri árituðu síðan ársreikninginn.**

Til máls tóku: GDP, ÍHS og LÁH

3.2. 1405036 – Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026, Svæðisskipulagstillaga, ásamt umhverfisskýrslu.

Fyrir liggur fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 14. fundi nefndarinnar sem haldinn var þann 8. maí 2014. Þar afgreiddi nefndin, ásamt framkvæmdastjórn Svæðisgarðsins Snæfellsness, tillögu að Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026, til auglýsingar, skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu.



Með bréfi dags. 9. maí 2014 sendi nefndin svæðisskipulagstillöguna, ásamt umhverfisskýrslu, til afgreiðslu sveitarstjórna á Snæfellsnesi. Svæðisskipulagstillagan sjálf, ásamt umhverfisskýrslu, liggur frammi á vefnum <http://ssk-snaef.alta.is/> en er auk þess aðgengileg á pdf-formi. Áður en svæðisskipulagsnefnd afgreiddi tillöguna fór fram kynning hennar fyrir almenningi, skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga, auk þess sem leitað var umsagna fjölmargra aðila um tillöguna, þar á meðal sveitarfélaganna sjálfra. Einnig var leitað umsagna aðliggjandi sveitarfélaga, eins og skipulagslög áskilja. Vinnuferli, samráði og kynningu tillögunnar er nánar lýst í skipulagstillögunni.

Svæðisskipulagstillaga fyrir Snæfellsnes, ásamt umhverfisskýrslu, er í samræmi við þetta lögð fyrir bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar til samþykktar, sbr. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkir að tillaga svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026ð, verði send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. 3. mgr. 23. gr. og til auglýsingar að óbreyttu skv. 24. gr. skipulagslaga. Bæjarstjórn samþykkir jafnframt meðfylgjandi umhverfisskýrslu svæðisskipulagsnefndar Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 Umhverfisskýrslað sem unnin er í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og að hún verði kynnt samhliða skipulagstillögunni í samræmi við 7. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn þakkar nefndinni vel unnin störf og skorar á sveitarfélögin á Snæfellsnesi að skipa ekki nýja nefnd fyrr en Svæðisskipulagið verði endanlega samþykkt.

Til máls tóku: GDP,BA og LÁH

- 3.3. 1405030 - Beiðni um samþykki Stykkishólmsbæjar vegna kaupa á réttindum til ræktunarlands á Nýræktarsvæði.**
Stykkishólmsbær hafnar forkaupsrétti. Kaup Álfgeirs Marínossonar af Högna Bæringssyni. Íris Huld sat hjá vegna tengsla.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:21
Þór Örn Jónsson